

Framboð til kirkjuþings



Ég undirrituð Jónína Rós Guðmundsdóttir, kt. 060758 -2559, Hörgshlíð 2, 105 Reykjavík, býð mig fram til Kirkjuþings.

Netfang er jonina.ros.gudmundsdottir@rvkskolar.is, gsm: 6648450

Ég hef setið í sóknarnefnd Háteigskirkju síðan 2014.

Æskan og fjölskyldan

Ég er fædd og uppalin í Hafnarfirði, með nokkurra ára viðkomu í Garðahreppi, tók gamla, góða Kvennaskólann sem gangfræðaskóla, tók þaðan landspróf 1974, fermdist í Garðakirkju hjá Sr. Braga Friðrikssyni, 1972. Er stúdent frá Flensborg 1978, kennari frá gamla KHÍ 1982 og sérkennari frá sama skóla 1993.

Foreldrar mínir voru kaupmenn í Hafnarfirði, ráku litla matvöruverslun, Mánabúð, þar til þau ákváðu að hætta rekstrinum í kringum 1980 og faðir minn réð sig sem lagerstjóra í versluninni Fjarðar kaup. Þar starfaði hann til dauðadags, en hann lést úr krabbameini langt um aldur fram aðeins 53 ára gamall. Móðir mín starfaði sem heimilishjálp og starfsstúlka á Sólvangi eftir að Mánabúð lokaði allt þar til hún lét af störfum sjötug að aldri. Móðir mín lést í mars 2020.

Ég á tvær systur, Helgu f. 1953, hún er búsett á Egilsstöðum og er fræðslustjóri í Múlaþingi. Hanna Petra yngri systir mín, er fædd 1964, hún er kennari og sérkennari og býr í Noregi.

Sem kaupmannsdóttir starfaði ég frá barnæsku í öllum fríum í verslun fjölskyldunnar og lærði þar af foreldrum mínum að vinna.

Kristilega starfið

Ég var mikið í KFUK starfi í Hafnarfirði sem barn og unglingur og vann bæði í Kaldárseli og Vindáshlíð í nokkur sumur. Í Kaldárseli var ég starfsstúlka í eldhúsi og foringi í stúlknaflökkum en í Vindáshlíð vann ég lengst af sem forstöðukona. Sem unglingur tók ég þátt í starfi Kristilegu skólahreyfingarinnar og eignaðist góða vini á þeim vettvangi, það var gott að eiga stóran félagahóp sem deildi lífsskoðun með manni, á þessum mótunarárum. Kristin trú og kristin gildi móta mann og fylgja manni allt lífið.

Auk hinna kristnu gilda og vinnusemi var okkur systur kennt að nám skipti miklu máli og þar ætti ekki að kasta til höndum heldur standa sig vel, námið væri vinnan okkar og við ættum að stunda vinnuna okkar. Þetta var gott veganesti, ekki síst í ljósi þess að foreldrar mínir höfðu einungis lokið skyldunámi.

Héraðsárin

Ég fluttist austur á Hallormsstað haustið 1982 og kenndi þar í heildstæðum grunnskóla, 1. – 10. bekkur, Hallormsstaðaskóla, til ársins 2001. Hallormsstaðaskóli var heimavistarskóli, árin sem ég starfaði þar.

Nemendurnir í skólanum voru því miklu meira en nemendur manns, maður átti mikið í þeim, þar sem þeir bjuggu hjá okkur alla virka daga.

Haustið 2001 flutti ég mig yfir í Menntaskólann á Egilsstöðum og kenndi þar til vorsins 2009. Þar var ég ráðin sem sérkennari sá fyrsti í sögu skólans. Með góðu fólki settum við af stað Nemendapjónustu ME og vorum þar frumkvöðlar í markvissum stuðningi við nemendur á framhaldsskólastigi með hvers kyns vanda sem hamlaði þeim í námi. Þetta voru svo sannarlega spennandi ár.

Pólitíkin

Það að hafa áhrif á samfélagið hefur alltaf kitlað mig. Mér finnst að maður eigi að stíga fram og segja hug sinn, ekki sitja bara við eldhúsborðið og gagnrýna. Það var því eðlilegt skref fyrir mig að blanda mér í pólitíska umræðu. Ég var þó þökkalega hlédræg í umræðunni þar til börnin mín voru ekki lengur smábörn, var þó varamaður í hreppsnefnd Vallahrepps, í barnaverndarnefnd og fleiri nefndum fljótlega eftir að ég flutti austur.

En vorið 2006 fór ég á fullt í bæjarpólitíkina á Egilsstöðum og var kosin í bæjarstjórn fyrir Héraðslistann sem var félagshyggjuafli á Héraði og varð formaður skipulags- og byggingarnefndar þetta vor og svo veturinn eftir varð ég formaður bæjarráðs. Þetta fannst mér skemmtilegt og það kitlaði mig því að gefa kost á mér til Alþingis þegar Samfylkingin leitaði til mín með það haustið 2008.

Ég var svo kosin á Alþingi vorið 2009 og sat á þingi eitt kjörtímabil, eða til vorsins 2013. Það var stórmerkileg lífsreynsla og tækifæri til að læra margt nýtt. Ég gaf kost á mér aftur vorið 2013 en náði ekki kjöri. Samfylkingin var ekki sú vinsælasta eftir forystuna í tiltektinni eftir hrunið svo við vorum nokkur sem náðum ekki endurkjöri. Mér finnst jafnaðarstefnan vera í góðum takti við mín kristnu gildi, mig langar til að samfélagið skapi aðstæður fyrir alla til að njóta sín og blómstra og að við sem erum aflögufær greiðum vel til samneyslunnar til að hið opinbera kerfi geti rekið gott menntakerfi og afbragðs heilbrigðiskerfi og skapað öllum mannsæmandi aðstæður.

Reykjavíkúrárin

Nú er ég aðstoðarskólastjóri í Norðlingaskóla í Norðlingaholtinu í Reykjavík, sem er 600 barna heildstæður grunnskóli. Þar stýri ég stoðþjónustu skólans sem er stórt verkefni því það eru mörg börn sem eiga í vanda, eru kvíðin, með námsvanda, taugafræðilegan vanda, fötlun og fleira. Það hentar mér mjög vel að vinna í þessum skóla því þar vinna allir í teymum og ég hef mikla trú á því vinnulagi, ég trúi því að samvinna og samtal, skili betri niðurstöðu en að einn aðili taki ákvarðanir eftir samtal við sjálfan sig. En – það þarf einhver eða einhverjir alltaf að taka lokaákvörðun og við það má maður ekki vera hræddur.

Kirkjan

Ég er ánægð með mjög margt hjá þjóðkirkjunni, mér finnst hún takast á við málefni líðandi stundar í boðun sinni um leið og hún stendur föst á hefðum og ramma helgihalds.

Rekstur einstakra kirkja er flókið verkefni. Þar finnst mér við þurfa að vera skapandi í hugsun, hvernig getum við rekið og haldið við byggingum sem nú standa og eru stór hluti af umhverfi sínu. Fjármagn er af skornum skammti því það er risaverkefni að halda öllum þessum stóru mannvirkjum við, það er hræðileg tilhugsun að þessi fallegu hús grotni niður, en notkunin er takmörkuð og við þurfum að horfast í augu við staðreyndir. Við þurfum að vera lausnamiðuð. Hvernig getum við notað kirkjurnar okkar til fleiri verkefna en helgihaldsins og hvernig getum við nýtt safnaðarheimilin okkar sem best. Ríkið á að sjálfsögðu að greiða það sem því ber, en í okkar fámenna samfélagi eru verkefni mörg og brýn, kirkjan er eitt af þeim, en bara eitt af mörgum svo við verðum líka að sýna skilning og umburðarlyndi.

Fjölskyldan kafli 2

Ég á þrjú börn með fyrrverandi manni mínum, Guðbjörgu Önnu Bergsdóttur 37 ára lögfræðing, hún býr með manni og 4 börnum á Höfn í Hornafirði og starfar í lögreglunni. Guðmund Þorstein Bergsson, 34 ára verkfræðing, hann býr með konu og 3 börnum á Egilsstöðum og örverpið mitt er Berglind Rós 27 ára hjúkrunarfræðingur sem býr með manni sínum, dóttur og ófæddu kríli á Selfossi. Ég er í sambúð með Valgeiri Gestssyni, verkefnastjóra í Grandaskóla.

Fjölskylda manns er það dýrmætasta sem maður á. Það er flóknara fyrir alla í fjölskyldu að skilnaður hjóna hafi átt sér stað, en það er hægt að gera það allra besta úr stöðunni, það eiga börnin og barnabörnin skilið. Það má ekki gleyma að vera mamma og pabbi og amma og afi þegar það á við, þess er hægt að njóta og það er hægt að gera vel. Þar getur kirkjan hjálpað til því margar hátíðarstundir í lífum fjölskyldna eru tengdar kirkjunni og þar getur skilningur og leiðsögn starfsfólks kirkjunnar gert gæfumun í hversu vel hátíðin tekst til hjá flóknum fjölskyldum.